

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði um atvinnuréttindi samkvæmt 4., 7. og 8. gr. taka gildi frá og með 1. janúar 1985.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.***LÖG****um breyting á lögum nr. 12/1970, um menntaskóla.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir IX. kafla laganna, 26. gr., komi nýr X. kafli svohljóðandi:

X. kafli

Um nám fullorðinna.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað skóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka stúdentsprófi. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa og um námskeiðsgjöld er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungi kennslulauna. Þó skulu námskeiðsgjöld vera hin sömu á öllu landinu.

Tölusetning lokaákvæða laganna breytist til samræmis, þannig að núverandi X. kafli verður XI. kafli og núverandi 27. gr. verður 28. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.